



	Dagsetning	Tilvísun
Efnahags- og viðskiptanefnd, Alþingi, Reykjavík	30. apríl 1993	10.202

Að beiðni háttvirtrar efnahags- og viðskiptanendar hefur ráðuneytið tekið til frekari skoðunar ákvæði frumvarps til laga um peningabætti.

Komið hafa fram þær áhyggjur að tilvísun 2. gr. frumvarpsins til refsiverðs verknaðar sé of opin og að rétt sé að þrengja gildissviðið hvað þetta varðar. Ráðuneytið hefur skilning á þessu sjónarmiði og leggur til að í stað þess að vísa til refsiverðs verknaðar verði vísað til brota á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni. Þannig myndu öll hegningarlögabrot auk brota á lögum um ávana- og fíkniefni falla hér undir. Hér er um svipaða leið að ræða og farin er í Danmörku en í sambærilegu ákvæði danska frumvarpsins er vísað til brota á "straffeloven."

Með hliðsjón af framansögðu og bréfi ráðuneytis til efnahags- og viðskiptanefndar dags. 26. þ.m. leggur ráðuneytið til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

2. gr.

Verði svohljóðandi:

"Fjármálastofnun skal ekki í starfsemi sinni taka þátt í varðveita, yfirfæra eða hagnýta eign eða breyta henni úr einu eignarformi í annað þegar vitneskja eða rökstuddur grunur er til staðar um að rekja megi uppruna eignar til brots á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana og fíkniefni."

3. gr., 2. mgr.

Á eftir orðinu "viðskiptamaður" í 1. ml. komi: "...sem ekki er í föstu viðskiptasambandi skv. 1. mgr".

3. gr., 3. mgr.

Í stað "refsiverðs verknaðar" komi: "brots á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni."

4. gr.

Í niðurlagi komi: "broti á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni."

7. gr., 1. og 2. mgr.

Í stað "refsiverðs verknaðar" komi: "brots á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni."

8. gr.

Í niðurlagi komi: "brot á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni."

10. gr.


Í stað "refsiverðum verknaði" komi: "broti á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana og fíkniefni".

15. gr.

Verði svohljóðandi:

"Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993. Ákvæði 9. gr. öðlast gildi sex mánuðum síðar."

F.h.r.



Two handwritten signatures in blue ink. The top signature is "Jón Kristjánsson" and the bottom signature is "Jón Ágústsson".